

## Sveitarstjórnarfundur 4. nóvember 2021

Fimmtudaginn 4. nóvember 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 35. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnlín Óladóttir, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Bjarni Þórisson og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Bjarni Þórisson ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða, að taka á dagskrá þrjú viðbótar erindi: 17) Deiliskipulag á Reykjanesi í landi Hveravíkur, 18) Erindi: Aðalbraut 10 og 19) Almannaþingarnefnd

### Dagskrá 35. fundar:

1. Fundargerð 34. sveitarstjórnarfundar 30.09.2021.
2. Fundagerðir nefnda
3. Aðrar fundagerðir
4. Söluferli Grundargötu 11
5. Valkostagreiningar Strandabyggðar vegna sameininga
6. Drög að fjölgun lóða á Drangnesi
7. Erindi vegna jarðarinnar Kleifar
8. Úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
9. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga
10. Erindi Vilhjálms Lúðvíkssonar
11. Fjárhagsáætlun og beiðni heilbrigðiseftirlits Vestfjarða
12. Innleiðing hringrásakerfis
13. Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftsvernd í verki
14. Beiðni Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga
15. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu
16. Almannaþingir og Covid 19

### Fundargerð:

#### **1. Fundargerð 34. sveitarstjórnarfundar 30.09.2021**

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

#### **2. Fundagerðir nefnda**

#### **3. Aðrar fundagerðir**

1. Stjórnarfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, 24.09.2021.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
2. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 135 fundur heilbrigðisnefndar, 21.10.2021.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
3. SÍS, 12. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 19.10.2021.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Samband íslenskra sveitarfélaga, 902. fundur stjórnar, 29.10.2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### **4. Söluferli Grundargötu 11**

Halldór Logi vikur af fundi.

Farið var yfir stöðuna á söluferli Grundargötu 11. Eitt kautilboð barst í fasteignina. Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðinu sem barst en það hljóðar upp á 18.2 milljón. Þjónustufulltrúa og oddvita falið að sjá um að ganga frá sölunni. Borið upp og samþykkt samhljóða.

Halldór Logi mætir aftur.

#### **5. Valkostagreiningar Strandabyggðar vegna sameininga**

Strandabyggð sendir hreppnum fyrirbyggjandi gögn er varðar hugsanlegrar sameiningar við Strandabyggð, Árneshrepp, Reykhólahrepp, Dalabyggð og Húnaþing vestra.

Lagðar eru fram niðurstöður valkostagreiningar varðandi hugsanlega sameiningu, sem unnin var af RR Ráðgjöf. Einnig voru lagðar fram niðurstöður könnunar sem gerð var á viðhorfum fundarmanna á íbúafundi Strandabyggðar varðandi sameiningarmál.

Fyrirbyggjandi gögn Strandabyggðar eru lögð fram til kynningar og sveitarstjórn Kaldrananeshrepps ákveður að taka málið til skoðunar og boða til íbúafundar 17. nóvember kl. 18:00 til að kanna vilja íbúa.

#### **6. Drög að fjölgun lóða á Drangnesi**

Oddviti gerði grein fyrir drögum að fjölgun lóða á Drangnesi. Fyrir liggja drög frá arkitekt en lagt er til að hefja uppbyggingu á norðvesturhluta Drangness og austurhluta Grundargötu.

Drög lögð fram til kynningar. Sveitastjórn vísar málinu til íbúafundar.

#### **7. Erindi vegna Jarðarinnar Kleifar**

Starfsmannafélag Landsvirkjunar sendir hreppnum skiptagerð fyrir jörðina Kleifa á Selströnd en til stendur að afsala eigendum Hveravíkur hluta jarðarinnar Kleifa.

Óskað er eftir samþykki Kaldrananeshrepps á skiptunum á grundvelli 48. gr. skipulagslaga. Jafnframt er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar á grundvelli 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn. Borið upp og samþykkt samhljóða.

## 8. Úttekt Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun framkvæmdi úttekt á starfsemi slökkviliðs Kaldrananeshrepps þann 7. september síðast liðinn. Markmið úttektarinnar var að sannreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðs væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins.

Úttekt lögð fram til kynningar og mögulegar lausnir ræddar.

Oddvita falið að svara Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvenær áætlað er að leggjast í þær úrbætur við athugasemdum stofnunarinnar.

## 9. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir árin 2021 og 2022.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að útsvarstofninn hækki að meðaltali á öllu landinu um 6,6% á milli ára 2021 og 2022.

Staðgreiðsluáætlun lög fram til kynningar.

Borið upp og samþykkt.

## 10. Erindi Vilhjálms Lúðvíkssonar

Vilhjálmur vekur athygli sveitarstjórnar á því að fráveitulögn sem staðsett er fyrir neðan Grundargötu við sjárvarsíðuna sé í hættu. Sjórin virðist vera farinn að ganga töluvert í sjávarbakkann og leggur til að þetta verði athugað.

Erindi lagt fram til kynningar og mögulegar lausnir ræddar.

Oddvita falið að skoða mögulegar lausnir í samráði við fagaðila. Borið upp og samþykkt.

## 11. Fjárhagsáætlun og beiðni heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða birtir nýja fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2022. Við gerð hennar var gerð athugun hvort áhugi sé fyrir sérverkefni við umhverfiseftirlit og óskar heilbrigðiseftirlitið að heyra hug sveitarstjórnar.

Að auki óskar heilbrigðiseftirlitið eftir því að fá sendar nýjustu skýrslur vegna aðalskoðun leikvalla í hreppnum.

Fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar og samþykkt.

Sveitastjórn ákveður að taka ekki þátt í sérverkefni að svo stöddu og þjónustufulltrúa falið að senda nýjustu skýrslur vegna aðalskoðunar leikvalla. Borið upp og samþykkt.

## 12. Innleiðing hringrásarkerfisins

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög um land allt að hefja undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinga um hringrásakerfi sem taka gildi 1. janúar 2023.

Ljóst er að öll sveitarfélög munu þurfa að endurskoða þau stjórnæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs, þ.e.

1. Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs
2. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs
3. Gjaldskrár fyrir úrgangsmeðhöndlun

Innleiðing hringrásarkerfisins lögð fram til kynningar.

### **13. Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki**

Hreppnum barst boð frá Sambandi íslenskra sveitafélaga um þátttöku í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki.

Námskeiðið er í stuttu máli valdeflandi ferli fyrir hvern sem er til þess að fræðast um loftlagsmálin og finna sínar eigin leiðir sem henta til þess að draga úr sínu eigin kolefnisspori og hvetja aðra til dáða.

Þátttaka sveitarfélaga yrði í boði frá janúar og framvegis.

Boð lagt fram til kynningar og ákveðið að kanna áhuga á þátttöku á íbúafundi.

### **14. Beiðni Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Beiðni Karls Björnssonar er tvíþætt og hljóða svo:

#### **1. *Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni***

Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni óskar eftir samtali við sveitarfélögin um hugmynd að nýrri húsnæðissjálfsseignarstofnun sem starfi á landsbyggðinni með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða.

#### **2. *Viðmiðunartafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórn***

Samband íslenskra sveitarfélaga kynnir viðmiðunartöflu sem sveitastjórnir geta notað við ákvörðunum á launum fyrir setu í nefndum sveitarfélaganna. Þarf sveitastjórn að meta vinnuframlag inn í töfluna í hverju tilviki fyrir sig.

Beiðnir lagðar fram til kynninga.

### **15. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu**

Hreppnum bárust þrjú bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og hljóða svo:

#### **1. *Fundir sveitarfélaga með rafrænum hætti***

Ráðuneytið hefur á grundvelli 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, gefið út nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti.

2. ***Minningardagur um þá sem látist hafa í umferðarslysum***

Sunnudaginn 21. nóvember 2021, verður haldinn hátíðlegur hér á landi alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðaslysa. Að þessu sinni verður dagurinn helgaður notkun bílbelta og kveikt verður á kertum hringinn í kringum landið af þessu tilefni.

3. ***Reikningsskil sveitarfélaga***

Verið er að minna sveitarfélög á reglugerðarbreytingu en nú er skylt að færa inn samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags vegna byggðasamlaga, sameignarfyrirtækja og annara félagafarma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags.

Bréf lögð fram til kynninga.

**16. Almannaþing og Covid 19**

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

**17. Deiliskipulag á Reykjanesi**

Erindi hefur borist frá landeiganda sem óskar eftir heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Kleifa/Hveravíkur.

Sveitarstjórn samþykkir að hafin verði vinna við gerð deiliskipulags í landi Kleifa og að lögð verði fram skipulagslýsing áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin fyrir.

Þar sem áformað deiliskipulag samræmist ekki aðalskipulagi sveitarfélagsins samþykkir sveitarfélagið að unnið verði að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samhliða gerð deiliskipulags í landi Kleifa.

Borið upp og samþykkt samhljóða

**18. Erindi: Aðalbraut 10**

Erindi barst til sveitarfélagsins þar sem óskað er eftir að fá íbúðina við Aðalbraut 10 leigða í lengri eða skemmri tíma yfir veturinn fyrir fræði- og listamenn.

Sveitastjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita að skipuleggja.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 22:22